

## I

### *How do you like Iceland?*

Ja, hann var í það minnsta ekki kominn til landsins til þess að upplifa *þetta*.

Dagurinn byrjaði vel, falletgur júnímorgunn. Reyndar virtist lítill munur á morgni og kvöldi – bjart allan daginn. Evan Fein hafði hlakkað mikið til þess að heimsækja þetta land á hjara veraldar.

Evan bjó í Edinborg þar sem hann stundaði nám í listfræði. Þetta var fyrsta ferðin hans til Íslands. Þar höfðu náttúruöflin nú tekið sig til, eins og til þess að bæta gráu ofan á svart í kreppunni, og boðið landsmönnum upp á tvö eldgos með stuttu millibili. Eldgosunum virtist reyndar lokið, í bili að minnsta kosti; Evan hafði rétt misst af þeim. Hann hafði dvalið á Íslandi í nokkra daga, byrjað á því að skoða sig um í Reykjavík og á vinsælum ferðamannastöðum í nágrenninu. Svo hafði hann leigt sér bíl til þess að aka norður í land. Hann hafði gist á tjaldstæði á Blönduósi um nóttina og tók nú daginn snemma, leiðin lá í Skagafjörðinn. Hafði keypt sér geisladisk með gömlum íslenskum dægurlögum og spilaði þau nú í bílnum – hann skildi ekki stakt orð í söngtextunum en naut þó tónlistarinnar, var stoltur af því

að vera dálítill túristanörd, vildi sökkva sér ofan í menningu þeirra þjóða sem hann heimsótti. Hann ók veginn yfir Þverárfjall en beygði út af honum áður en hann kom á Sauðárkrók, þar sem hann langaði til að skoða hlaðna laug, Grettislaug, sem átti að vera þarna skammt frá, rétt við sjávarmál.

Vegurinn að lauginni var heldur seinfarinn – það var auðvitað eintóm vitleysa að ætla að leita uppi þessa laug, en það var hins vegar freistandi að slaka á um stund í rjúkandi heitu vatni, njóta morgunbirtunnar og náttúrufegurðarinnar. Hann ók löturhægt, lítil lömb þvældust hvað eftir annað upp á veginn – eða kannski var hann öllu heldur að þvælast á veginum þeirra. Laugin ætlaði aldrei að birtast. Hann var eiginlega farinn að óttast að hann hefði misst af einhverri beygju. Hægði ferðina enn meira við hverja heimreið, reyndi að átta sig á því hvort laugin leyndist einhvers staðar. Var hann ef til vill kominn of langt? Nú sá hann fallett einbýlishús sem virtist reyndar hálfklárað. Það stóð nálægt veginum og fyrir framan það var lítil grá sendibifreið.

Ökumaður sendibifreiðarinnar, eða kannski húsráðandi, virtist liggja hreyfingarlaus skammt frá húsinu. Evan hrökk við, drap á bílnum á miðjum veginum og hljóp eins hratt og fæturnir leyfðu. Íslenska dægurtónlistin ómaði enn úr lélegum hljómflutningstækjum bifreiðarinnar, nánast óraunveruleg við þær aðstæður sem hann var kominn í.

Maðurinn var látinn. Evan gerði í það minnsta ráð fyrir því við fyrstu sýn að þetta hefði verið karlmaður, af líkamsbyggingunni að dæma og stuttklipptu hárinu. Útilokað var

að bera kennsl á hann af andlitinu sem var þakið blóði; þar sem annað augað hafði áður verið blasti nú við sár.

Hann greip andann á lofti. Starði á líkið, nánast stjarfur, og sneri sér svo snöggv við eins og til þess að kanna hvort árásarmaðurinn væri nokkuð fyrir aftan hann. Svo var ekki; Evan stóð þarna einn hjá hinum látna. Við hliðina á líkinu var blóðug spýta sem virtist hafa verið notuð sem barefli. Þegar Evan kom auga á spýtuna kúgaðist hann skyndilega, reyndi að bægja frá þeim hugsunum sem leituðu á hann, dró djúpt andann og náði svo aftur jafnvægi. Hann settist svo á túnið fyrir framan húsið og óskaði þess að hann hefði valið einhvern annan áfangastað fyrir sumarfríð sitt.